

Svar umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar dags. 15. janúar við erindi íbúa í Laugardal.

Sæl Valdís og takk fyrir ábendinguna

Við erum meðvituð um þetta og munum skoða þetta með Vegagerðinni en bæði Sæbraut og Sundagarðar eru þjóðvegir í þéttbýli og því í umsjón þeirra.

Kveðja

Guðbjörg Lilja

=====

Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir

Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Frá: Valdis Gregory

Sent: þriðjudagur, 5. nóvember 2019 12:16

Til: Íbúaráð Laugardalur <ibuarad.laugardalur@reykjavik.is>

Efni: Gatnamót Sæbraut - Dalbraut/Sundagarðar

Komiði sæl,

Sá póst á Laugarneshverfasíðunni um Íbúaráðið. Var frábært að sjá það í dag þar sem ég var einmitt að athuga hvert maður ætti að leita í þessum efnum.

Ég er íbúi á Rauðalæk og ég er skíthrædd við gatnamótin á Sæbraut milli Dalbrautar og Sundagarða. Það vantar sárlega beygjuljós til vinstri frá Dalbraut inn á Sæbraut og frá Sundagörðum inn á Sæbraut.

Það eru tvær beygjuakreinar frá Sundagörðum og það eru alltaf vörubílar að beygja svo maður á erfitt með að sjá. Ég hef oft orðið vitni að því sem hefði næstum því getað orðið harður árekstur. Er ekki betra að kippa þessu í liðinn áður en það gerist?

Það er nú þegar hægri beygjuljós frá Sæbraut inn á Dalbraut en það væri miklu eðlilegra að hafa beygjuljós út á Sæbraut.

Með bestu kveðjum,

Valdís